



Borgarráð

### ***Samningur vegna Food and fun árin 2024-2026***

Lagt er til að borgarráð samþykki endurnýjun samkomulags á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Main Course ehf., kt. 470104-2520, fyrir árin 2024-2026. Samkvæmt samkomulaginu greiðir Reykjavíkurborg Main Course ehf. árlega kr. 2.500.000, samtals 7.500.000 kr. á samningstímanum og verður kostnaðurinn greiddur af kostnaðarliðnum 09510 – ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt: Samkomulag á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Main Course ehf., kt 470104-2520, drög

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnagötu 11 og Main Course ehf., kt. 470104-2520, gera með sér eftirfarandi

## Samkomulag

### 1. gr. Tilgangur og gildissvið

Reykjavíkurborg leggur til fjárframlag í þeim tilgangi að standa straum af kostnaði við viðburðinn Food and Fun árin 2024, 2025 og 2026. Hátíðin er þekktur viðburður sem dregur að sér fjölda erlendra gesta. Hátíðin hefur þann megin tilgang að kynna Reykjavíkurborg og þá veitingamenningu sem þar er að finna.

### 3. gr. Skuldbindingar og greiðslur

Samkomulag þetta gildir fyrir árin 2024-2026 og greiðir Reykjavíkurborg Main Course ehf. árlega kr. 2.500.000 í styrk til að standa straum af kostnaði vegna kynningar hátíðarinnar, áfangastaðnum Reykjavík og veitingamenningu hennar. Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Main Course ehf., kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri nema Main Course ehf. hafi hlotið undanþágu frá því.

### 4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samkomulags þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri Main Course ehf. sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

### 5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu starfsári árin 2024, 2025 og 2026 skal Main Course ehf. skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi 1. maí ár hvert. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Main Course ehf. skal í kynningum á styrktum verkefnum geta þess að þau séu styrkt af Reykjavíkurborg.

### 7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samkomulagi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Main Course ehf. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samkomulags þessa skal tilkynnt um það tafarlaust

skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samkomulagi þessu eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samkomulaginu og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samkomulagsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 8. gr. Framsal

Main Course ehf. er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samkomulagi þessu án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samkomulag þetta er gert í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

F.h. Main Course ehf.

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu:

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

kt.

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

kt.